



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Font de Llop

Izona : Costa Blanca norte

Svefnherbergi : 4

Baðherbergi : 4

Byggingarár : 2024

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Golfvöllur - Náttúra

Bílastæði : Tvöfaldur bílskúr

Fermetra stærð eignar : 209,01 m²

Stærð lóðar : 900 m²

Stærð verandar : 71 m²

Stærð þaksvala : 67 m²

Flugvöllur : 10 min

Strönd : 20 min

Borg : 10 min

Golf : 2 min

✓ Geymsla

✓ Kjallari

✓ Heimilistæki

✓ Hiti í gólfi

✓ Verönd

✓ Loftkæling

✓ Bílskúr

✓ Þaksvalir

Dreymir þig um að búa í fallegu húsi á Spáni með einstöku útsýni yfir golfvöll? Þá er þetta eignin fyrir þig.

Stórglæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara við golfvöllinn Font de Llop í Alicante. Húsið er með 4 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum, í kjallara er stór bílskúr auk 82m² rýmis þar sem tilvalið er að útbúa tómstundarherbergi, líkamsræktar aðstöðu, eða vinkjallara. Bjart og mjög rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með heimilistækjum, borðstofu og stofu þaðan sem gengið er út í glæsilegan garð með stórri útsýnislaug. Eigninni fylgja einnig tvö þaksvalir með stórfenglegu útsýni yfir golfvöllinn og fjallandið í kring.

Þessi eign stendur við golfvöllinn Font de Llop sem er stórglæsilegur 18 holu golfvöllur í Alicante, aðeins 10 mín frá Alicante flugvælinum og einungis 20 mín frá strönd. Font de Llop Resort státar af glæsilegu umhverfi en fyrir utan sjálfan golfvöllinn eru margir fallegir göngu og hjólréiða stígar. Einnig er þar að finna glæsilegt klúbbhús með fyrsta flokks veitingastað, kaffihúsi og glæsilegri veislu aðstöðu. Svæðið er vaktað með sólarhrings öryggisgæslu.

Þökk sé staðsetningu eignarinnar, þá ertu nálægt allri þeirri þjónustu sem hugsast getur, stutt er í hinu sögufrægu borg Elche, en þar getur þú fundið matvöruverslanir, apótek, veitingastaði, bari, verslunarmiðstöðvar og margt fleira. En þess má geta að golfvöllurinn sem eignin tilheyrir er umkringdur vínókrum og stórbrotinni náttúru þar sem stunda má margs konar útiveru s.s. göngur og hjólréiðar í nærliggjandi fjallandi.

Í 15 mínútna fjarlægð er svo stórborg héraðsins, Alicante. En þar getur þú fundið heimklassa veitingastaði, skemmtanálíf, kaffihús, sögulegar byggingar, verslanir, framúrskarandi sjúkrahús og mikið úrval hágæða spænskra sem og alþjóðlegra skóla. Þessi eign er frábærlega staðsett hvort sem er til langtíma eða skammtíma dvalar.

Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar!

